

L ö g

um

breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., 12. febrúar 1872.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þegar útlent fiskiskip leytar í neyð sinni hafnar á Ísland og skipverjar vilja eður þurfa að hafa einhver viðskipti við landsmenn, þá skal skipstjóri tilkynna það lögreglustjóra eða hreppstjóra þeim, sem þar er yfirboðinn, áður enn sólarhringur er liðinn frá því, er skipið varpaði akkerum. Skal lögreglustjóri, eða hreppstjóri fyrir hans nönd, skoða skjöl skipsins og gæta þess vandlega, að skipverjar á slíkum skipum þrjú eigi gegn verzlunalögum eða skattalögum landsins, eða fari kringum þau, enda gjöra þegar í stað rannsóknir í því efni, ef hann hyggur nauðsyn til bera.

Fyrir að skoða skjöl skipsins skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar ef skipið hefir eigi fyrri komið á íslenska höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn. Skal rita á skipverjaskrána vottorð um, að skjölin hafi verið sýnd, og lögboðið gjald greitt fyrir skoðun þeirra.

Þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjórans, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

Leiti fiskiskip á höfn til þess að fá læknishjálp við sótt, sem upp er komin meðal skipverja, skal fara eftir skipunum þeim, er gilda um sóttvarnir.

Nú leitar útlent fiskiskip á höfn fyrir sakir ísa eða illvíðra, enda gengur enginn skipverja á land, eður hefir nein viðskipti við landsmenn; er skip það undan þegið þeirri skyldu að sýna skjöl sín, þótt það liggi um akkeri til þess, er því er hættulaust að láta út aptur.

2. grein.

Brot gegn því, er fyrir er mælt í lögum þessum, varða 10—200 króna sektum, eftir málavöxtum.

3. grein.

Þessi lög koma í staðinn fyrir 3. grein í tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. 12. febrúar 1872, og er grein sú hjermeð numin úr gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 17. dag desbrm. 1875.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.

Forandring i Forordning om Fremmedes Fiskeri under Island m. v. af
12te Februar 1872.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Altsihinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

§ 1.

Naar et fremmed Fiskerskib søger Nodhavn paa Island, og Besætningen onsker eller trænger til at søge Forbindelse med Indvaanerne, bør Skibsføreren inden 24 Timers Forløb, efter at Skibet er gaaet til Ankers, gjøre Anmeldelse derom til vedkommende Politimester eller Repstyrer, der har at undersøge Skibets Papirer og føre nøiagtigt Tilsyn med, at Landets Handels- og Afgiftslovgivning ikke overtrædes eller omgaaes af saadanne Skibes Besætning, samt, om fornødent, uden Ophold at anstille Undersøgelse i saa Henseende.

For Eftersyn af Skibspapirerne erlægges til vedkommende Politimester eller Repstyrer, saafremt Skibet ikke allerede tidligere paa samme Fisketogt har været inde paa en islandsk Havn og forevist sine Papirer, 10 Dre pr. Ton af Skibets Drægtighed, i modsat Fald 5 Dre pr. Ton, hvorefter Skibets Følkeliste bør meddeles Paategning om, at Eftersyn har fundet Sted, og at det befalede Gebyr herfor er erlagt.

Gebyret deles i de Tilfælde, i hvilke Eftersynet er foretaget paa Politimesterens Begne af Repstyreren, lige mellem denne og Politimesteren.

Søger et fremmed Fiskerskib Havn for at søge Lægehjælp med en iblandt Besætningen udbrudt Sygdom, forholdes der efter Karantæneanordningerne.

Foranlediges et fremmed Fiskerskib til at søge Havn paa Grund af Is eller haardt Veir, uden at nogen iblandt Besætningen gaar i Land eller har nogen Forbindelse med Indvaanerne, skal det ikke være nødvendigt at forevise Skibspapirerne, om Skibet end ligger til Ankers, indtil det uden Fare kan gaa ud igjen.

§ 2.

Overtrædelse af denne Lovs Bestemmelser straffes med Bøder efter Omstændighederne fra 10 til 200 Kroner.

§ 3.

Denne Lov træder i Stedet for § 3 i Forordning om Fremmedes Fiskeri under Island m. v. af 12te Februar 1872, hvilken Paragraf herved ophæves.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 17de December 1875.
Under Vort Kongelige Haand og Segl.

Christian R.
(L. S.)

Nellemann.